

Heiðís Norðfjörð heiðruð

Delta Kappa Gamma eru alþjóðleg samtök kvenna í fræðslustörfum. Á Íslandi hafa samstökin starfað frá því á áttunda áratugnum en 2. júní 1977 var Beta-deild samtakanna stofnuð á Akureyri. Beta-deild fagnar því þrjátíu ára afmæli um þessar mundir.

Á þessum tímamótum var ákveðið að heiðra konu sem lagt hefur mikið af mörkum til menningar- og menntunarmála barna. Fyrir valinu varð Heiðís Norðfjörð barnabókarithöfundur með fleiru. Heiðís veitti viðtöku viðurkenningu deildarinnar við hátíðlega athöfn á veitingastaðnum Friðriki V. nýlega.

Heiðís fæddist 21. desember 1940 á Akureyri. Hún tók próf frá Húsmæðraskólanum á Laugalandi 1959 og útskrifaðist sem sjúkraliði 1975. Heiðís hefur starfað sem forstöðukona við hjúkrun á dvalarheimili fyrir aldraða, læknafulltrúi við embætti héraðslæknis Norðurlands eystra, læknaritari við Heilsugæslustöðina á Akureyri, meðhjálpari við Akureyrarkirkju og dag-skrárgerðarmaður hjá Ríkisútvarpinu.

Eftir Heiðísi hafa komið út barnabækurnar: Ævintýri frá annarri stjórn 1977, Bjössi og hvolpurinn hans 1981, Ævintýrin okkar 1983, Góður, betri, bestur 1988, Stríðnisstelpa 1992 og Lítill Heimur, sem er hljóðbók fékk

Heiðís viðurkenningu fyrir í samkeppni um létt lesefni fyrir börn frá Námsgagnastofnunin árið 1984. Heiðís hefur einnig samið fjölmörg ljóð. Þau hafa m.a. birst í bókinni Skáldatal íslenskra barna- og unglingabókahöfunda, svo og í blaði Félags íslenskra læknaritara; Læknaritarinn.

Heiðís hefur ekki eingöngu haldið sig við bókarformið í útgefnu efni sínu, út hefur komið efni á hljóðsnældum ýmist frumsamið eða þar sem hún

flytur kunn ævintýri, ljóð og sögur annarra með upplestri eða söng. Má þar nefna lög hennar við ljóð Kristjáns frá Djúpalæk í barnabók hans, Sögunni af Pílu Pínu, auk laga og texta úr barnasögunni Dolla dropa, eftir Jónu Axvförð. Meðal frumsaminnna ævintýra á snældum má nefna Ævintýri frá annarri stjórn, Strákurinn sem vildi eignast tunglið, Vorið í garðinum, Áramótaálfar og Strákurinn með pottlokið.



Heiðís Norðfjörð var heiðruð fyrir framlag sitt til menningar- og menntunarmála barna.

Viðskurðagur 28. júní 2007